

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands

Föll og kyn að fornu og nýju

Það er alkunna að íslenska hefur varðveitt beygingarkerfið betur en önnur tungumál af norrænni rót. Þolfall og þágufall eru sprellifandi í málinu, ekki síður en nefnifall og eignarfall sem helst hafa haldið velli í grannmálunum. Ég hef áður haldið því fram að stöðugleik fallakerfisins megi ekki síst rekja til þess að föllin hafi fengið ákveðin hlutverk hvert um sig, að nokkru leyti önnur en þau sem þau höfðu að fornu (Eiríkur Rögnvaldsson 1983). Þannig hefði kerfið náð góðu jafnvægi og væri því allstöðugt. Þessi kenning var þó á sínum tíma aðeins byggð á einstökum dæmum sem glannalegar ályktanir voru síðan dregnar af.

Það hefði óneitanlega verið æskilegt að geta stutt þessa kenningu með einhverri tölfræði sem sýndi fram á bætt jafnvægi og stöðugleik í kerfinu. Slíks var þó ekki kostur á þessum tíma, en það breyttist fyrir rúmum áratug. Þá hóf ég ásamt fleirum athuganir á orðaforða Íslendinga sagna (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990) og Orðabók Háskólans hóf athuganir á orðtíðni í nútímamáli. Í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991) voru birtar tölur um tíðni ýmissa beygingarþátta í nútímamáli. Guðrún Ingólfssdóttir, Bergljót S. Kristjánsdóttir og fleiri unnu síðan um tíma að uppbyggingu gagnabanka um Íslendinga sögur. Þar voru m.a. greind beygingarleg atriði nafnorða í sögunum.

Upp úr þeirri greiningu hef ég unnið eftirfarandi samanburðartöflu um tíðni falla í Íslendinga sögum og *Íslenskri orðtíðnibók*. Þessar tölur byggjast á meginhluta nafnorðaforðans í Íslendinga sögum; sérnöfn af ýmsu tagi (mannanöfn, viðurnefni, staðanöfn o.fl) eru þó ekki með í þessum tölum. Til samanburðar eru því teknar tölur um samnöfn úr *Íslenskri orðtíðnibók*.

	<i>Íslendinga sögur</i>	<i>Íslensk orðtíðnibók</i>
Nefnifall	27,54	27,6
Þolfall	41,13	30,9
Þágufall	27,71	30,2
Eignarfall	9,62	11,3

Það vekur athygli þegar tölur um nútímamál eru skoðaðar hversu jöfn þrjú föll eru; nefnifall, þolfall og þágufall. Eignarfallið er hins vegar miklu sjaldgæfara, enda hefur oft verið bent á dæmi sem gætu bent til þess að það stæði höllum fæti (Helgi Skúli Kjartansson 1979; Ásta Svavarsdóttir 1994).

Þegar fornmálistölurnar eru bornar saman við þetta sést að hlutfall nefnifallsins er nær nákvæmlega hið sama að fornu og nýju. Eignarfallið er líka á svipuðu róli, þótt það virðist heldur hafa styrkst. Á hinn bóginn munar verulega miklu á þolfalli og þágufalli. Tíðni þeirra er mjög svipuð í nútímamáli, en í Íslendinga sögum virðist þolfallið vera nær tvöfalt algengara en þágufallið.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna. Myndin breytist verulega þegar litið er á kynin hvert fyrir sig, eins og sést í þessari töflu um tíðni þeirra í Íslendinga sögum:

	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn	Meðaltal
Nefnifall	41,25	16,95	14,04	27,54
Þolfall	32,87	45,63	50,74	41,13
Þágufall	17,72	26,38	24,40	21,71
Eignarfall	8,16	11,03	10,81	9,62

Hér er ekki ýkja mikill munur á tölunum í eignarfalli, en hlutföllin milli hinna fallanna eru gerólík í karlkyni annars vegar og kvenkyni og hvorugkyni hins vegar. Í karlkyninu er nefnifallið mun algengara en þolfall, en í kvenkyni og hvorugkyni er tíðni nefnifallsins ekki nema u.þ.b. þriðjungur á við þolfallið.

Það er auðvitað alþekkt að Íslendinga sögur eru karlabókmenntir; margfalt meira er sagt frá körlum og athöfnum þeirra en frá konum. Það er vel hægt að hugsa sér að skýra þennan mun út frá því. Þótt samsvörun merkingarhlutverka og falla sé fjarri því að vera algild er nefnifall er vitaskuld hið dæmigerða fall gerandans, en þolfall og þágufall föll þolandans og þiggjandans. Því má hugsa sér að hér komi hið dæmigerða hlutskipti kynjanna vel í ljós; karlarnir eru gerendur, en konur þolendur og þiggjendur.

Hér má einnig hafa í huga að tíðni kynja í nafnorðum er mjög misjöfn í Íslendinga sögum, ólíkt því sem er í *Íslenskri orðtíðnibók*, eins og hér sést:

	<i>Íslendinga sögur</i>	<i>Íslensk orðtíðnibók</i>
Karlkyn	42,9	34,8
Kvenkyn	23,0	32,9
Hvorugkyn	34,1	32,2

Enn skal minnt á að þessar tölur taka aðeins til samnafna en ekki mannanafna. Hins vegar eru vitaskuld ýmiss konar „starfsheiti“ karlmanna mjög algeng og hleypa upp tíðni karlkynsins; orð eins og *konungur, jarl, bóndi* o.fl. Einnig eru frændsemisorð í karlkyni algeng, s.s. *sonur, bróðir, frændi* o.fl.

Þessar vangaveltur um stöðu kynjanna og skýringar á mismunandi stöðu nefnifalls miðað við þolfall og þágufall leiða ekki til neinnar ótvíræðrar niðurstöðu að svo stöddu. Hins vegar stendur eftir hinn mikli munur sem er á tíðni þolfalls og þágufalls í Íslendinga sögum, en er horfinn í nútímamáli. Sá munur er nokkuð svipaður í öllum kynjum.

Það er ekki augljóst hvernig beri að skýra þennan mun. Einhverjum gæti dottið í hug að hér væri hin alræmda þágufallssýki lifandi komin, og skýrði stórauðna tíðni þágufalls í nútímamáli. En svo mun þó ekki vera. Þágufallssýki kemur mjög sjaldan fram í prentuðum textum, eins og þeim sem tölurnar í *Íslenskri orðtíðnibók* eru byggðar á. Að svo stöddu verður að nægja að benda á þessa breytingu – skýringin bíður betri tíma. Ég tel þó að þessar tölur styrki heldur þá kenningu um stöðugleik fallakerfisins sem ég setti fram fyrir löngu.

Heimildir

- Ásta Svavarsdóttir. 1994. Enn um eignarfallsflóttu. *Jónína* hans Jóns G. Friðjónssonar, 24. ágúst 1994, bls. 7113. Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6,2:3-6.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Orðstöðulykill Íslendinga sagna. *Skáldskaparmál* 1: 54-61.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88-95.
- Íslensk orðtíðnibók*. 1991. Jörgen Pind (ritstjóri), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. Orðabók Háskólans, Reykjavík.